

Íslenska kalkþörungafélagið ehf
Hafnarteigi 4
465 Bíldudalur

Reykjavík, 2. október 2020
UST202003-030/H.E.
08.10.02

Efni: Fyrirvaralaust eftirlit þann 20.8.2020, hjá Íslenska kalkþörungafélaginu ehf.

Þann 20.8.2020 fór fram fyrirvaralaust eftirlit í Íslenska kalkþörungafélagið á Bíldudal vegna tilkynningar rekstraraðila um óhapp á lóð félagsins svo grípa þurfti til þess að dæla þurfti úr setlóni út fyrir varnargarð þess. Í samræmi við 57. grein reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit sendist meðfylgjandi eftirlitsskýrsla.

Einni ábendingu var komið á framfæri varðandi vöktun í kjölfar dælingarinnar og eitt frávik frá starfsleyfi kom fram er varðar:

1. Gr. 3.5 og 3.6 í starfsleyfi. Ryk var sýnilegt í útblæstri frá vothreinsivirkni verksmiðjunnar á mynd sem tekin var í vettvangsferðinni. Það að rykið sé sýnilegt bendir til að hreinsun í útblæstri sé ekki nægjanleg. Ef ryk er sjáanlegt í reyk má áætla a styrkur sé í kringum 100 mg/Nm³ en starfsleyfismörkin eru 20 mg/Nm³. Samkvæmt upplýsingum rekstraraðila að á þessum tíma hafi staðið yfir uppkeyrsla á þurrkara sem tengist hreinsivirknu og við slíkar aðstæður geti tekið tíma fyrir hreinsivirkioð að ná fullum afköstum.

Umhverfisstofnun óskar eftir að rekstraraðili grípi til viðeigandi ráðstafana mun stofnun taka þær út í næsta eftirliti sem fyrirhugað seinna í mánuðinum.

Virðingarfyllst


Halla Einarsson

Afrít: Heilbrigðisnefnd Vestfjarðasvæðis.


Hulda Soffía Jónasdóttir

EFTIRLITSSKÝRSLA

Íslenska Kalkþörungafélagið Bíldudalur



Dags eftirlits	20.8.2020	Ábyrgðarmaður eftirlits	Halla Einarsdóttir
Fyrirtæki	Íslenska Kalkþörungafélagið	Eftirlitsmaður	Edda Kristín Eiríksdóttir
Heimili	Hafnargata 4, Bíldudal	Tegund eftirlits	Fyrirvaralaust
Kennitala	680601-2670	Flokkur	Verksmiðja
Fulltrúi fyrirtækis	Halldór Halldórsson	ÍSAT nr.	08990
Fulltrúi fyrirtækis		Staðsetning	288910,327 584086,181

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Farið var í fyrirvaralaust eftirlit í kjölfar tilkynningar rekstraraðila um óhapp í verskmiðjunni sem leiddi til þess að vatni var veitt úr setlóni verksmiðjunnar. Rekstraraðili sendi Umhverfisstofnun í kjölfarið skýrslu um greiningu á atviki, orsökum og viðbrögðum í kjölfar eftirlitsins. Umhverfisstofnun mun fara nánar yfir atvikið í næsta reglubundnu vettvangsferð sem er fyrirhuguð seinna í haust.

Eitt frávik kom fram í skoðunarferðinni þar sem að sýnilegt ryk var í útblæstri vothreinsivirkis.

Eftirlitsaðili mun fara nánar yfir viðbragðsáætlanir vegna umhverfisóhappa í næsta reglubundna eftirliti. Einni ábendingu var komið á framfæri varðandi vöktun á áhrifum atviksins.

UMFANG EFTIRLITS

Rekstraraðili tilkynnti Umhverfisstofnun 18. ágúst sl. um óhapp sem átti sér stað í verskmiðjunni þann daginn. Undirlag undir gröfu sem var að vinna við setlónið gaf sig með þeim afleiðingum að grafan lenti ofan í lóninu. Gripið var til þess að hleypa vatni úr setlóninu út fyrir varmargarðinn til að lækka í lóninu og komast að grófunni.

Með tilkynningunni voru sendar myndir af vettvangi sem sýndu greinilega þéttan mjólkurlit í sjónum úti fyrir setlóninu. Eftirlitsaðili hafði samband við rekstraraðila í kjölfar atviksins til að afla nánari upplýsinga. Sérfræðingur stofnunarinnar á Patreksfirði fór á staðinn 20. ágúst sl. og skoðaði aðstæður við setlónið og í sjónum úti fyrir setlóninu. Litbrigðin í sjónum höfðu dofnað nokkuð miðað við myndir sem sendar voru sama dag og atvikið átti sér stað en voru enn mjög sýnileg. Á mynd sem tekin var yfir verksmiðjuna er sýnilegt ryk í útblæstri frá vothreinsivirkri verskmiðjunnar sem bendir til að hreinsunin sé ekki nægileg.

Skýrsla um atvikið og viðbrögð rekstraraðila við því voru send Umhverfisstofnun 8. september þar sem að greint er frá orsökum atviksins, viðbrögðum og endurbótum á verklagi til að fyrirbyggja óhöpp sem þessi.

Frávik frá

Lýsing á fráviki

Grein 3.5 og 3.6 í starfsleyfi

Ryk var sýnilegt í útblæstri frá vothreinsivirkri verksmiðjunnar á mynd sem tekin var í vettvangsferðinni. Það að ryk sé sýnilegt bendir til að hreinsun í útblæstri sé ekki nægjanleg. Ef ryk er sjáanlegt í reyk má áætla að styrkur sé í kringum 100 mg/Nm³ en starfsleyfismörkin eru 20 mg/Nm³.

ÁBENDINGAR

Mikilvægt er að rekstraraðili vakti sjóin umhverfis lónið m.t.t. setmyndunar á botni fjarðarins. Næstu mælingar á styrk svifagna skv. vöktunaráætlun eru fyrirhugaðar í nú í haust og er mikilvægt að bera þær saman við fyrri mælingar til að meta hvort atvikið hafi valdið meira gruggi og hugsanlega setmyndun í firðinum til langa tíma.

Reykjavík, 02.10.2020

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Halla Einarsdóttir
Halla Einarsdóttir

bls. 4